

## Textílmennt 5.bekkur

Menntun í list-og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið byggir á þjálfun í ákveðnum þáttum þar sem mismunandi kennsluaðferðir eru notaðar. Námið reynir á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, fjölbreyttar vinnuaðferðir og hvernig á að koma hugmynd í verk. Mikilvægt er að námið sé stígandi eftir getu nemandans. Samþætta námið við daglegt líf. Áherslan er á verkferlið og upplifunina.

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti skissað hugmyndir,
- geti fengið hugmynd sem verður að fullunnu verki,
- geti unnið eftir einföldum vinnuleiðbeiningum,
- geti notað þá kunnáttu sem hann hefur í verkefnavinnu sinni með því að nota einfaldar aðferðir,
- geti notað þau áhöld sem tengjast greininni,
- þekkji hugök sem tengjast textílmennt,
- geti unnið með mismunandi textílefni,
- geti unnið í hóp,
- geti fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín,
- geti sagt frá verkefninu sínu og lagt mat á eigin verkefni,
- geti skreytt verkefni sín á einfaldan hátt,
- geti unnið með íslensk hráefni og sagt frá þeim,
- geti unnið eftir uppskrift,
- geti þekkt munin á náttúru- og gerviefnum,
- gengið frá eftir vinnu sína.

### Kennsluhættir

Nemendur fá 80 mín á viku í eina önn í textílmennt í 4.-6. bekk. Hæfniviðmiðum í textílmennt er skipt í nokkra flokka. Þau eru menningarläsi, handverk, aðferðir og tækni, sköpun, hönnun og útfærsla, menning og umhverfi. Nemendur vinna sjálfstætt og í hóp.

Samþætting námsgreina eins og íslensku og textílmennt, þar sem unnið væri til dæmis með íslensk ævintýri, þjóðsögur og samfélagsfræði.

### Námsmat

Símat og í því felst að verk nemenda séu metin, virkni og áhugi nemenda og hversu vel ná nemendur að tileinka sér þá færni sem er verið að leggja inn hverju sinni.

Námsmatið í textílmennt er tvíþætt annars vegar er gefin prófseinkunn og svo hins vegar umsögn eða starfseinkunn. Prófseinkunn samanstendur af símati, þar sem verk nemenda eru metin. Einnig eigum við að nota Mentor þar sem foreldrar og nemendur geta farið inn á mentor.is og inn á verkefnabókina þar og sjá hvaða þættir/verkefni það eru sem gefin er einkunn fyrir og einnig hve mörg % hver þáttur gildir af lokaeinkunn.

Sjálfsmat, jafningjamat, virkni og vinnusemi, þrautseigja, ábyrgð, vinnubrögð og frágangur

Einkunnarskalan fyrir hvern þátt í verkefnabókinni á mentor.is miðast við að bókstafurinn eða talan þýðir (ath! að við notumst eingöngu við efstu töluna í einkunnarskalanum). Til dæmis ef nemandi fær einkunn á bilinu 8-10 í starfseinkunn þá hljóðar umsögnin að sjálfsögðu að nemandi geri sitt allra besta o.s.frv.

A = 8 – 10 = Gerir sitt allra besta.

B = 6 – 7,99 = Gerir vel.

C = 4 – 5,99 = Leggur sig þokkalega fram.

D = 0 – 3,99 = Leggur sig lítið fram.

### **List og verkgreinar**

#### **Læsi**

Nemendur geri sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur á sviði list- og verkgreina og séu meðvitaðir um að í þessum greinum séu fjölbreyttir náms- og atvinnumöguleikar.

Nemendur þekki undirstöðuratríði hvernar greinar og kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum. Nemendur þekki helstu hugtök og heiti hvernar greinar og geti notað þau verkfæri sem til þarf.

Nemendur séu virkir þáttakendur.

Mikilvægt er að við sköpum nemendum aðstæður og tækifæri fyrir eigin hugmyndir og hæfileika til sköpunar í tengslum við nær umhverfi og menningu.

Nemendur tileinki sér læsi á mismunandi menningu, form, myndir, heilsu og næringu, líkamstjáningu, tilfinningar sínar og annara, tækni, umhverfi o.fl.

Nemendur geti sagt frá og þekki hvaða efni þeir eru að vinna með.

#### **Sjálfbærni**

Nemendur séu virkir þáttakendur í sínu eigin námi.

Nemendur takist á við margvísleg fjölbreytt verkefni í tengslum við umhverfið sitt.

#### **Lýðræði og mannréttindi**

Stúlkur og drengir hafi jafna möguleika til náms í list- og verkgreinum.

Nemendur bera ábyrgð á eigin verkum.

Nemendur beri virðingu fyrir öðrum nemendum, skoðun þeirra og eigin umhverfi.

Nemendur fá tækifæri til að þroskast í list- og verkgreinum á eigin forsendum.

#### **Heilbrigði og velferð**

Að nemendum líði vel og tekið sé tillit til þarfa hvers og eins.

Að efla styrkleika hvers og eins nemenda.

Að samskipti séu góð.

Hreinlæti sé gott.

#### **Sköpun**

Nemendur efli þekkingu sína og geti tengt við fyrri þekkingu og skapað þannig nýja.

Að nemendur fái aukið val til að sýna frumkvæði í eigin verkefnavali.

Nemendur fái að kanna, njóta, spyrja spurninga, smakka, virkja ímyndunaraflið og prófa.

Nemendur læri í gegnum leik.